

Gjöf til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum:

Heimildarmyndin Ljós heimsins

ásamt kvikmynduðu myndefni sem tekið var upp í tengslum við heimildarmyndina

1.

Undirritaður, Ragnar Halldórsson (250168-4549) gef hér með Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, heimildarmyndina Ljós heimsins, sem ég kvikmyndaði og var alfarið framleiðandi, leikstjóri og höfundur að.

Hér með afsala ég höfundarétti mínum og eignarétti á heimildarmyndinni Ljós heimsins til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, og afhendi þetta höfundaverk sem gjöf til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Stofnunin verður hér með eigandi að höfundarrétti heimildarmyndarinnar Ljós heimsins og eigandi allra útsendingareintaka af myndinni sem til eru á Íslandi og erlendis, og getur án minnar milligöngu gert tilkall til þeirra og nýtt þau alfarið samkvæmt markmiðum og hentugleika stofnunarinnar.

2.

Að auki gef ég allt kvikmyndað efni sem ég kvikmyndaði vegna heimildarmyndarinnar Ljós heimsins, til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, og afsala höfundarétti mínum og eignarétti á þessu myndefni, til stofnunarinnar.

Gjöfin var fyrst kynnt frá Auði Hauksdóttir, forstöðumanni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, í tölvubréfi þ. 5. ágúst 2015, með afriti til frú Vigdísar Finnbogadóttur. Ljós heimsins (70 mín.) var frumsýnd árið 2001 í Smárabíói, og síðan sýnd í Ríkisútvarpinu Sjónvarpi, í desember sama ár, þar sem hún varð þriðja vinsælasta sjónvarpsefnið í Sjónvarpinu, þann mánuð. Kvikmyndin Ljós heimsins fjallar um líf frú Vigdísar Finnbogadóttur, eftir að hún hætti að gegna embætti forseta Íslands, og hvernig hún leitar að nýjum tilgangi í lífi sínu eftir forsetatíðina. Myndin er þó í raun og veru fyrst og fremst myndrænt upplifunarportrett af persónunni Vigdísar Finnbogadóttur. Þess ber að geta að hljóð myndarinnar er jafngróft og myndefnið er á stundum, sem var gert með vija, til þess að skapa viss stílbrigði í anda Dogmastefnunnar. Allt kvikmyndað efni á vettvangi, sem var tekið upp í tengslum við heimildarmyndina Ljós heimsins (nema í Tókýó (sem er innifalið í höfundaréttinum), safnaefni og uppstillt viðtal á Aragötu, sem einnig er innifalið í höfundaréttinum), var kvikmyndað af undirrituðum á árunum 1999-2001, á Íslandi, í Ísrael, á Vesturbakkanum, í Kaupmannahöfn og í París, með stafrænni tækni. Notuð var Sony DCR DSR-VX1000 kvikmyndatökuvél, sem átti þátt í að koma af stað þeirri byltingu sem varð á þessum tíma í stafrænni kvikmyndagerð (hinar svokölluðu Dogma kvikmyndir í Danmörku voru afsprengi af þessari tækni byltingu, og Sony DCR DSR-VX1000 var einnig notuð við kvikmyndun þeirra). Allt efnið (bæði myndrænt efni sem var notað í heimildarmyndina, og myndrænt efni sem ekki var notað) er varðveitt á svokölluðu MiniDV stafrænu formi, þ.e. á svokölluðum MiniDV stafrænum upptökspólum, sem verða afhentar forstöðumanni stofnunarinnar (32 spólur). Ath. Ef meira myndefni finnst síðar, mun undirritaður einnig afhenda það til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Kaupmannahöfn 30. nóvember 2015,

Mótttekið f.h. Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum,


Ragnar Halldórsson.


Auður Hauksdóttir.